

Nr. 19-073 S 049 Sunnutindur SU 95**Strandar við Berufjörð**

Skipaskr.nr.: 2670
 Smíðaður: Mótun 2005, Trefjaplast
 Stærð: 14,96 bt. 11,96 brl.
 Mesta lengd: 12,77 m Skráð lengd: 11,39 m
 Breidd: 3,72 m Dýpt: 1,52 m
 Vél: Cummins, 302,4 kW, árg.: 2005
 Fjöldi skipverja: 3



Sunnutindur@Arnbjörn Eiríksson

Gögn:
 Lögregluskýrsla
 Gögn RNSA


Lokaskýrsla afgreidd á fundi 5. júní 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 17. maí 2019 var Sunnutindur SU 95 á siglingu til Djúpavogs. Veður: A 2-3 m/sek.

Sunnutindur hafði verið á línuveiðum á SA miðum og var á leið til löndunar þegar hann lenti á skeri við Grjóteyrarmöl um kl. 05:20 á stað 64°39'522N og 014°15'180V.



Mynd 1 Ferill Sunnutinds samkvæmt VSS

Leki kom að bátnum en hann reyndist ekki meiri en það að dælur réðu við hann. Sunnutindi var siglt til hafnar á Djúpavogi þar sem hann var tekinn á land.

Talsverðar skemmdir urðu m.a. á stefni (*mynd 2*) og víða á bol bátsins ásamt skemmdum á stýrisbúnaði.



Mynd 2 Skemmdirnar á stefni Sunnutinds

Við rannsókn kom fram:

- að stjórnandi bátsins (*lögskráður háseti*) sofnaði við stjórn. Hann hafði verið í u.þ.b. tvær klst. við stjórn hans þegar hann sofnaði;
- að stjórnandinn var með skipstjórnarréttindi á bátum að 12 m í strandsiglingum auk annarra tilskildra réttinda;
- að Sunnutindur var búinn að vera u.þ.b. 31 klst. í ferðinni þegar hann strandaði en hann hafði farið frá Djúpavogi um kl. 22:00 þann 15. maí;
- að stjórnandinn var í öðrum túr og kvaðst hafa sofnað u.þ.b. 3-5 klst. um fjórum sinnum á tveimur sólarhringum. Í þessum túr hafði hann hvílst í um fimm klst. samtals þ.e.a.s. tvær klst. á útstými og þrjár klst. eftir að línan var lögð;
- að fram kom að skipverjar færu tvær ferðir í röð og væru í frí eina ferð þess á milli. Þá væri einnig leitast við að hver og einn fengi 6 klst. hvíld á sólarhring;
- að samkvæmt ferilskráningu Vaktstöðvar siglinga var báturinn á r/v stefnu 265° og á 7,2 hnúta ferð þegar hann strandaði;
- að MaxSea siglingatölva og dýptarmælir voru í gangi en voru ekki með aðvörunarbúnað virkjaðan. Aðvörunarbúnaður í sjálfstýringu átti að vera í gangi;
- að skipstjórinn kvaðst hafa sett inn stað (punkt) á sjálfstýringuna þar sem hann vildi verða ræstur og kvitta þyrfti fyrir þegar báturinn kom á þennan stað annars kæmi aðvörunarhljóð;
- að stefnubreyting átti sér stað kl. 05:20 (*sjá mynd 1*) en stjórnandinn kannaðist ekki við að aðvörunarhljóð hefði komið;

- að um borð voru um 400 l af olíu, 11.559 kg af afla og u.þ.b. eitt tonn af veiðarfærum;
- að eftir atvikið var verklagi breytt þannig að skipstjóri tekur alltaf heimsiglinguna;
- að atvikið var tilkynnt til útgerðar en ekki til Vaktstöðvar siglinga, RNSA eða lögreglu. RNSA fékk ekki tilkynningu, eins og skylt er samkvæmt lögum, heldur bárust upplýsingar um það frá þriðja aðila fjórum dögum eftir atvikið.

Nefndarálit:

Orsök strandsins var að stjórnandi bátsins sofnaði.

Nefndin gerir alvarlegar athugasemdir við að atvikið hafi ekki verið tilkynnt til viðeigandi aðila.

Sérstök ábending:

Nefndin bendir á mikilvægi þess að stjórnendur báta séu ávallt vel hvíldir til að auka öryggi þeirra.